**Bæjarstjórn Garðabæjar 10. (980)/2026**

Boðað er til 10. (980). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. júní 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2605432 - Ráðning bæjarstjóra

2. 2606006F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/6 ´26.

3. 2606020F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/6'26.
   2405208 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi -

4. 2606013F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/6 ´26.

5. 2606010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 16/6'26.

6. 2601508 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 8/5 ´26.

7. 2601375 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 4/5 og 11/5 ´26.

8. 2601544 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 17/4 og 13/5 ´26.

9. 2602076 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2/6 ´26.

10. 2601279 - Fundargerðir stjórnar SORPU frá 11/3'26, 18/3'26, 15/4'26, 13/5'26 og 29/5'26.

11. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

12. 2606317 - Reglur um stuðning við afreksungmenni í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ

13. 2606295 - Tillaga bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er varðar breytingu á fastanefndum.

14. 2606296 - Tillaga bæjarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar og Garðabæjarlista um fjölgun áheyrnarfulltrúa í nefndum

15. 2606408 - Tillaga bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölgun áheyrnarfulltrúa og greiðslur til áheyrnarfulltrúa

16. 2208694 - Samþykktir Garðabæjar - endurskoðun

17. 2606257 - Reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar

18. 2606256 - Stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands

19. 2606324 - Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2026

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarráð Garðabæjar**
**20. (2215). fundur 2026**

Þriðjudaginn 9. júní 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Birkir Guðlaugsson, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Einar Þór Einarsson, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar**

Bæjarráð samþykkir að fela Arion banka að sjá um skuldabréfaútboð á vegum bæjarins í útistandandi skuldabréfaflokkum GARD 11 1 að fjárhæð allt að kr. 1.500.000.000, í samræmi við samþykktar lántökuheimildir

**2. 2604063 - Aratún 20 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Andreu Eiríksdóttur, kt. 150380-5029, leyfi fyrir viðbyggingu að Aratúni 20.

**3. 2602301 - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Trausta Ólafssyni, kt. 090574-5669, leyfi fyrir að setja glugga á norðurhlið hússins að Dalprýði 13.

**4. 2603416 - Tjarnarflöt 9 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Óskari Óskarssyni, kt. 260663-4459, leyfi fyrir viðbyggingu að Tjarnarflöt 9.

**5. 2604250 - Þernunes 6 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Helgu Lilju Fenger Gunnarsdóttir, kt. 180181-4319, leyfi fyrir breytingum utanhúss og á gluggum að Þernunesi 6.
Björg Fenger vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**6. 2604344 - Fjarskiptamastur - Umsókn um byggingarheimild.**

Málinu frestað.

**7. 2604150 - Opnun tilboða í verkið - Útboð vegna Gatnagerðar í Arnarlandi.**

Eftirfarandi tilboð samkvæmt gildri tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Arnarland- Gatnagerð og veitulagnir":

1. Grafa og grjót ehf., kr. 792.848.876 (101,3%).
2. Loftorka Reykjavík ehf,. kr. 813.700.000 (104,0%).
3. Háfell ehf., kr. 822.219.786 (105,1%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 782.306.879. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Gröfu og grjót ehf. að fjárhæð kr. 792.848.876 (101,3% af kostnaðaræltun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**8. 2605190 - Opnun tilboða í verkið - Yfirborðsmerkingar í Garðabæ 2026.**

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Yfirborðsmerkingar gatna í Garðabæ 2026":

1. Vegamál vegmerking ehf., kr. 15.489.200 (73,7%).
2. GSG ehf., kr. 13.793.500 (65,6%)

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 21.024.200. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda GSG ehf., að fjárhæð kr. 13.793.500 (65,6% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**9. 2604558 - Opnun tilboða í verkið - Nýr gervigrasvöllur jarðvinna.**

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Ásgarður, nýr knattspyrnuvöllur: Jarðvinna, yfirborðsfrágangur og lagnir":

1. Dráttarbílar vélaleiga ehf., kr. 304.828.583 (89,94%).
2. Landslagnir ehf., kr. 348.107.283 (102,71%).
3. Fagurverk ehf., kr. 358.167.600 (105,68%).
4. Bjössi ehf., kr. 365.000.000 (107,69%).
5. Gleipnir verktakar ehf., kr. 385.000.000 (113,59%).
6. Íslenskir aðalverktakar hf., kr. 399.562.678 (117,89%).
7. E. Sigurðsson ehf., kr. 424.806.173 (125,34%).
8. Stjörnugarðar ehf., kr. 431.550.010 (127,33%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 338.772.569. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Dráttarbíla vélaleigu ehf., að fjárhæð kr. 304.828.583 (89,94% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar

samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**10. 2604558 - Útboð - Ásgarður- Nýr gervigrasvöllur vallarlýsing.**

Lögð fram útboðs og verklýsing vegna vallarlýsingar á nýjum gervigrasvelli við Ásgarð.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

**11. 2606050 - Hönnun Útboð - Skógarhverfi Fráveita áfangi 2.**

Lögð fram útboðs og verklýsing vegna útboðs á veitulögnum og frágangi í Skógarhverfi, 2. áfanga.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

**12. 2603213 - Hönnun - Útboð - Búsetukjarni við Haustbraut.**

Lögð fram útboðs og verklýsing vegna útboðs á búsetukjarna við Haustbraut 2.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

**13. 2606074 - Hönnun - Útboð - Vífilsstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.**

Málinu frestað.

**14. 2603255 - Niðurstaða stjórnsýslukæru ÚUA nr. UUA2603004 vegna deiliskipulags Vetrarmýrar og Smalaholts.**

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA2603004, þar sem hafnað er kröfu kæranda um að ógilda þá ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar frá 2. október 2025 um að samþykkja deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts.

**15. 2605363 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi bókun frá 627. fundi stjórnar SSH - Álag í skólastarfi, ástæður og úrbætur, dags. 22.05.26.**

Lögð fram skýrsla um starfsumhverfi í grunnskólum, álag, ástæður og úrbætur sem unnin var fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur til úrbóta í skólastarfi með áherslu á að draga úr álagi meðal starfsfólks í grunnskólum.
Bæjarráð vísar skýrslunni til umfjöllunar í skólanefnd grunnskóla.

**16. 2605429 - Fyrirspurn Mannréttindastofnunar Íslands um aðgengi og aðlögun málsmeðferðar, dags. 27.05.26.**

Lagt fram erindi Mannréttindastofnunar Íslands varðandi leiðbeiningar um aðlögun málsmeðferðar.
Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í velferðarráði.

**17. 2605440 - Tilkynning frá Jafnréttisstofu um landsfund um jafnréttismál sveitarfélaga.**

Í tilkynningunni kemur fram að Jafnréttisstofa boðar til landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga í Múlabergi, Akureyri, fimmtudaginn 17. september 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 9. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Birkir Guðlaugsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Einar Þór Einarsson, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**21. (2215). fundur 2026**

Þriðjudaginn 16. júní 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar.**

   Gerð grein fyrir tilboðum í lántöku. Skuldabréfaútboði Garðabæjar í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 lauk 15. júní 2026. Heildartilboð í flokkinn voru 5 talsins og námu samtals 2.120 að nafnvirði. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð samkvæmt útboðinu að fjárhæð allt að 1.068 m.kr. að nafnvirði, með ávöxtunarkröfu upp á 3,95%. Markaðsvirði útgáfunnar nemur 1.499.967.541 kr.

   Fyrir útboðið var útistandandi í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 að nafnvirði 6.233,5 m.kr., en heildarstærð flokksins eftir útboðið verður því 7.301,5 m.kr. að nafnvirði. Framangreindar fjárhæðir eru í samræmi við samþykktar lántökuheimildir.

2. **2605432 - Ráðning bæjarstjóra.**

   Lagður fram ráðningarsamningur bæjarstjóra.

   Samningurinn verður lagður fram í bæjarstjórn til staðfestingar.

3. **2405208 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi -**

   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 11. júní 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir spildu A úr landi Grundar, sem gerir ráð fyrir rýmum sem tengjast veislu-og veitingaþjónustu í núverandi atvinnuhúsnæði.
   Ekkert deiliskipulag er í gildi á Norðurnesi. Samkvæmt aðalskipulagi er byggingin staðsett á opnu svæði.
   Skipulagsnefnd vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
   Grenndarkynna skal íbúum við Fálkastíg, Blikastíg, Grund, Breiðabólstöðum, Hvol, Jörfa og Seilu sem og landeigendum á Norðurnesi.

4. **2605382 - Útboð á frístundaakstri 2026-2030.**

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna frístundaaksturs 2026-2030.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi útboðs- og verklýsingu og felur fræðslu- og frístundasviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

5. **2512335 - Nefnd um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri.**

Bæjarstjóri fjallaði um undirbúning á uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri og verkefnum sem því tengjast.
Bæjarráð samþykkir að tilnefna Hörpu Rós Gísladóttur, Maríu Guðjónsdóttur og Katrínu Júlíusdóttur í spretthóp um uppbyggingu hjúkrunarheimilis og lífsgæðakjarna í Vetrarmýri.

Hópurinn hefur það hlutverk að vinna greiningu á þörfum hvað varðar starfsemi á fyrstu hæð nýs hjúkrunarheimilis ásamt því að meta möguleika á því hvort og hvernig Garðabær gæti nýtt hluta rýmisins undir starfsemi á sínum vegum. Hópurinn mun að þessu leyti vinna efni sem nýtist við gerð útboðslýsingar á húsnæði undir hjúkrunarheimili í Vetrarmýri.
Þá skal hópurinn vinna nánari útfærslur á uppbyggingu íbúða fyrir eldri íbúa í grennd við Hjúkrunarheimilið þannig að öflugur lífsgæðakjarni rísi í Vetrarmýri.
Hópurinn skal skila af sér áfangaskýrslu fyrir lok október 2026, en skili þeim hugmyndum sem lúta að útboðsferlinu í lok ágústmánaðar. Í framhaldi af útgáfu áfangaskýrslu verði metið hvort þörf sé á að hópurinn haldi áfram störfum.

6. **2603111 - Undirbúningsvinna vegna Þorlákssskóla.**

Kynnt var staða við undirbúning starfsemi Þorlákssskóla, en ráðgert er að skólinn hefji starfsemi í haust.

7. **2208694 - Samþykktir Garðabæjar - endurskoðun á samþykktum.**

Lögð fram drög að endurskoðuðum samþykktum um stjórn Garðabæjar.

Bæjarráð vísar endurskoðun á samþykktum um stjórn Garðabæjar til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

8. **2606256 - Stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands - endurskoðun á stofnskrá.**

Lögð fram drög að endurskoðaðri stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands.

Bæjarráð vísar endurskoðaðri stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands til afgreiðslu bæjarstjórnar.

9. **2606257 - Reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar - endurskoðun á reglugerð.**

Lögð fram drög að endurskoðaðri reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar.

Bæjarráð vísar endurskoðaðri reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

10. **2606317 - Reglur um stuðning við afreksungmenni í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ**

Lagðar fram reglur um stuðning við afreksungmenni í íþróttum í sumarstöfum hjá Garðabæ.

Bæjarráð vísar reglunum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**11. 2606236 - Styrkbeiðni - Garðálfar, kór eldri borgara á Álftanesi**

Beiðni Garðálfa, kórs eldri borgara á Álftanesi um styrk til starfsemi kórsins.

Bæjarráð vísar málinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 16. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**9. fundur 2026**

Fimmtudaginn 11. júní 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Ásgeir Sigurður Ágústsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Agla Eir Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Einar Þór Einarsson aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson varaáheyrnarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Formaður skipulagsnefndar bauð nefndarmenn og áheyrnarfulltrúa velkomna til starfa í nýskipaðri nefnd. Formaður óskaði eftir því að eitt mál sem ekki var á dagskrá fundarboðs yrði á dagskrá fundar. Það er dagskrárliður nr.14. Skipulagsnefnd samþykkti að málið yrði tekið á dagskrá.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2606062 - Vinastræti 18-26 - Deiliskipulagsbreyting**

   Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsfræðingur hjá Eflu gerði grein fyrir tillögum Urriðaholts ehf og lóðarhafa Vinastrætis 18-26 að breytingum deiliskipulags Urriðaholts norðurhluta 3. áfanga (háholts).
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

2. **1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

   Formaður skipulagsnefndar og skipulagsstjóri greindu nýrri skipulagsnefnd frá stöðunni á vinnu við nýtt skipulag sem unnið hefur verið að um árabil fyrir Norðurnes á Álftanesi.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

3. **1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**

   Formaður skipulagsnefndar og skipulagsstjóri greindu nýrri skipulagsnefnd frá mótun á deiliskipulagstillögu og því ferli sem unnið hefur verið að um árabil á skipulagi Norðurness.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

4. **2510094 - Vetrarmýri - Dsk.br. - Skólalóð**

   Skipulagsstjóri greindi nýrri nefnd frá þeirri frumvinnu sem hefur átt sér stað við mótun tillögu að deiliskipulagi fyrir skólalóð í Vetrarmýri við rætur Hnoðraholts.
   Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði, fræðslu-og frístundasviði og ráðgjöfum.

5. **2601206 - Hraunhólar 6A - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2**

   Skipulagsstjóri greindi frá veitingu byggingarleyfis fyrir einbýlishús að Hraunhólum 6a. Uppdrættir teljast í fullu samræmi við gildandi deiliskipulag.

Sú tillaga sem vísað hafði verið til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra ásamt athugasemdum er því felld niður.

6. **2604413 - Hraunhólar - Lynghólar - samgöngustígur - Deiliskipulag**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir stöðu skipulags hvað varðar stígakerfi í Lynghólum, Hraunhólum og vestanverðum bæjargarði.
Skipulagsnefnd felur umhverfissviði að móta tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunholts eystra og deiliskipulagi bæjargarðs sem eru í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 m.s.br.

7. **2604512 - Arnarland - Deiliskipulagsbreytingar**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir nokkrum breytingum á deiliskipulagi Arnarlands sem sótt hefur verið um og hafa verið samþykktar á afgreiðslufundi skipulagsstjóra.

8. **2605041 - Vetrarmýri_Dsk.br. - Tillaga A - Götur, bílastæði, Vb 1-9**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir umsókn uppbyggingaraðila í Vetrarmýri um breytingu á deiliskipulagi Vetarmýrar.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjafa.

9. **2605042 - Vetrarmýri_Dsk.br. - Tillaga B - Vb 15 og 24-28**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir umsókn uppbyggingaraðila í Vetrarmýri um breytingu á deiliskipulagi Vetarmýrar.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og ráðgjafa.

10. **2605395 - Eskiás - Bílastæði - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn íbúa í Eskiási um útfærslu bílastæða.
Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

11. **2606005 - Garðatorg - póstbox - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn Heima um staðsetningu póstboxa við Garðatorg.
Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

12. **2605184 - Þríhnúkar - Deiliskipulag**

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við framlagða skipulagslýsingu.

13. **2605322 - Hafnarfjörður - Hólshraun dsk.br. - Umsagnarbeiðni - málnr. 2026/633**

Lögð fram beiðni um umsögn Garðabæjar við tillögu að breytingu deiliskipulags við Hólshraun.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til skoðunar hjá umhverfissviði.

14. **2405208 - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir rýmum sem tengjast veislu-og veitingaþjónustu í núverandi atvinnuhúsnæði.
Ekkert deiliskipulag er í gildi á Norðurnesi. Samkvæmt aðalskipulagi er byggingin staðsett á opnu svæði.
Skipulagsnefnd vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Grenndarkynna skal íbúum við Fálkastíg, Blikastíg, Grund, Breiðabólstöðum, Hvol, Jörfa og Seilu sem og landeigendum á Norðurnesi.

**15. 2605016F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

15.1 2604257 - Blikanes 27 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram fyrirspurn vegna viðhalds og endurnýjunar á þaki við Blikanes 27, sem leiðir af sér hækkun á þakhæð um 20 cm. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við útfærsluna svo lengi sem að breytt þakhæð sé í samræmi við ákvæði deiliskipulag Arnarness um hámarkshæð 2 hæða húsa eða 8 m.

**16. 2605022F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

16.1 2604344 - Fjarskiptamastur - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Íslandsturnar Sendingastaðir hf. sækja um leyfi til að reisa 16 metra fjarskiptamastur á lóðinni Fjarskiptamastur. Suðurnesv. - Höfðabraut, í samræmi við framlögð gögn. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis.

16.2 2604570 - Hátún 5B - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja fyrirspurn um frágang á lóð við Hátún 5B. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

16.3 2305315 - Kumlamýri 22 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram uppfærðir lóðaruppdrættir fyrir Kumlamýri 22. Skipulagsstjóri gerir ekki athugsasemd við framlagða útfærslu á lóð.

16.4 2604373 - Vesturtún 53b - Fyrirspurn til umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram fyrirspurn um byggingu smáhýsis við Vesturtún 53b, ásamt samþykki aðliggjandi lóðarhafa. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd þegar smáhýsi sem nú þegar er á lóðinni hefur verið fjarlægt og ef hæð og stærð fari ekki yfir viðmið byggingarreglugerðar um smáhýsi.

16.5 2506035 - Vesturhraun 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi að undangenginni deiliskipulagsbreytingu.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlögð gögn.

16.6 2602301 - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi að lokinni grenndarkynningu ásamt innsendri athugasemd.
Gerð er athugasemd við staðsetningu nýs svefnherbergisglugga vegna möguleika á innsýn að aðliggjandi lóð og lagt er til að færa gluggan að austurhlið.
Þar sem að fleiri svefnherbergisgluggar snúa nú þegar að aðliggjandi lóð telur skipulagsstjóri staðsetningu viðbótar glugga ekki íþyngjandi. Ef samkomulag næst milli eigenda húsanna um staðsetningu á austurhlið gerir skipulagsstjóri ekki heldur athugasemd við þá staðsetningu.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við það að byggingarleyfi verði veitt í samræmi við grenndarkynnt gögn eða aðra útfærslu í samkomulagi milli eigenda.

16.7 2604300 - Steinprýði 10 - Deiliskipulagsbreyting

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahrauns sem nær til lóðarinnar Steinprýði 10. Tillagan felur í sér að skipta lóðinni upp í tvær lóðir fyrir tvíbýli. Skipulagsstjóri getur ekki fallist á umsóknina, þar sem skipulagsnefnd Garðabæjar hefur hafnað sambærilegri umsókn innan sama skipulagssvæðis.

16.8 2604250 - Þernunes 6 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi við Þernunes 6.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

16.9 2605045 - Blikanes 27 - Veggur

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram fyrispurn um útfærslu stoðveggja við Blikanes 27. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við útfærsluna en minnir á að allur frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við aðliggjandi lóðarhafa.

16.10 2604288 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Lágmarksstærð svala

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarlands, grein 5.2.5.6 sem nær til lágmarksstærðar svala og segir að lágmarksstærð svala skuli vera í öllum íbúðum að lágmarki 6 $m^2$. Sótt er um að ákvæði um lágmarksstærð svala breytist á þann hátt að lágmarksstærð svala fyrir íbúðir stærri en 80 m2 skuli vera að lágmarki 6 $m^2$ en fyrir íbúðir minni en 80 $m^2$ skulu svalir vera að lágmarki 4 $m^2$.
Skipulagsstjóri fellst á breytingartillöguna og metur hana sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

16.11 2604289 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Inndregnar svalir

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarlands, grein 5.2.5.6 sem nær til inndreginna svala. Sótt er um að ákvæði um inndregnar svalir breytist á þann hátt að 70 % svala í byggingum skulu ganga a.m.k. 1 m inn í byggingarnar.
Skipulagsstjóri fellst á breytingartillöguna og metur hana sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

16.12 2604292 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Lágmarks salarhæð

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarlands, grein 5.2.5.5 sem nær til salarhæðar fjölbýlishúsa og segir að lágmarkssalarhæð skuli vera 3 m. Sótt er um að ákvæði um salarhæð fjölbýlishúsa breytist á þann hátt að lágmarks salarhæð fjölbýlishúsa skuli vera 2,9 m.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

16.13 2604291 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - 30 cm jarðlag í inngörðum

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarland sem nær til greinar 5.2.7 sem tekur á lágmarksþykkt jarðlaga í inngörðum á yfirborði þakplötu bílakjallara og segir að það skuli vera að lágmarki 30 cm. Sótt er um að ákvæði um lágmarksþykkt jarðlaga í inngörðum á yfirborði þakplötu bílakjallara breytist á þann hátt að 25% yfirborðs í inngörðum skal hafa jarðvegsþykkt að lágmarki 30 cm, til að styðja við vöx gróðurs.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

16.14 2604293 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Svalir í inngarði

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarland sem nær til greinar 5.2.5.6 sem tekur á svölum/frönskum svölum að inngörðum. Sótt er um að ákvæði um svalir/franskar svalir veðri fellt út. Skipulagsstjóri fellst á að ákvæði um svalir að inngörðum sé valkvætt en a.m.k. skuli vera franskar svalir sem snúa að inngörðum.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

16.15 2604294 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. - Hjólastæði

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarlands, grein 5.3.3 sem nær til hjólastæða. Umsókn kveður á um að ákvæði um hjólastæði breytist á þann hátt:
- Heimilt er að koma fyrir hjólastæðum í séreignageymslur íbúða fjölbýlishúsa.
- 1 hjólastæði skal vera fyrir hverja 250 m² af skrifstofuhúsnæði
- 1 hjólastæði skal vera fyrir hverja 100 m² af verslun og þjónustu
- 1 hjólastæði skal vera fyrir hverja 200 m² af heilbrigðisstafsemi
- 5 hjólastæði skal vera fyrir hverja 100 nemendur í leikskóla og 0,2 hjólastæði fyrir hvern starfsmann.

Skipulagsstjóri leggur til að rými í kjallara heilsuklasa verði skilgreint sem geymslurými en verði nýtt sem bíla- og/eða hjólastæði ef að þörf krefur.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.16 2604295 - Arnarland_Umsókn um dsk.br. gróður á inndregnum þakflötum

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lögð fram umsókn um breytingu á ákvæði deiliskipulags Arnarlands, grein 5.2.5.8 sem nær til gróðurs á húsþökum. Sótt er um að ákvæði um gróður á húsþökum breytist á þann hátt að heimilt verður að falla frá ákvæðunum á þökum inndregna byggingarhluta og í stað þess að skal setja hellur.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarlands í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.17 2604063 - Aratún 20 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi við Aratún 20 ásamt samþykki lóðarhafa í sömu raðhúsalengju.
Viðbygging fer líttilega út fyrir byggingarreit.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað ofangreint atriði varðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.18 2603416 - Tjarnarflöt 9 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna Tjarnaflatar 9.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

16.19 2603421 - Vorbraut 4 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram aðaluppdrættir fjölbýlishússins Vorbraut 4 sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt lóðaruppdrætti og umsögn deiliskipulagshöfundar.
Uppdrættir eru í samræmi við ákvæði deiliskipulags en flatarmál kjallara er 56 $m^2$ meira en heimilað er en flatarmál ofanjarðar er 51,7 $m^2$ undir heimild. Kjallari fer 2 metra út fyrir byggingareit á baklóð. Einnig er GK kjallara og 1. hæðar um 20 cm hærri en hæðarblað segir til um en fer þó bygging ekki upp fyrir leyfilega hámarkshæð skv. deiliskipulagi. Skipulagsstjóri leggur áherslu á að við lóðarfrágang verði hugað vel að gróðursetningu trágróðurs að norðanverðu vegna ásýndar útveggjar bílageymslu.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað

ofangreind atriði varðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.20 2603420 - Vorbraut 6 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram aðaluppdrættir fjölbýlishússins Vorbraut 6 sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt lóðaruppdrætti og umsögn deiliskipulagshöfundar.
Uppdrættir eru í samræmi við ákvæði deiliskipulags en flatarmál kjallara er 47 $m^2$ meira en heimilað er en flatarmál ofanjarðar er 51,7 $m^2$ undir heimild. Kjallari fer 2 metra út fyrir byggingareit á baklóð. Einnig er GK kjallara og 1. hæðar um 1,5 m hærri en hæðarblað segir til um en fer þó bygging ekki upp fyrir leyfilega hámarkshæð skv. deiliskipulagi. Skipulagsstjóri leggur áherslu á að við lóðarfrágang verði hugað vel að gróðursetningu trágróðurs að norðanverðu vegna ásýndar útveggjar bílageymslu.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr. sömu greinar hvað ofangreind atriði varðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

16.21 2603466 - Urriðaholtsstræti 3 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 6**

Lagðir fram aðaluppdrættir Urriðaholtsstrætis 3 sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Uppdrættir eru að mestu í samræmi við ákvæði deiliskipulags en heimilað byggingamagn samkvæmt deiliskipulagsskilmálum er 2.500 $m^2$ í atvinnuhúsnæði og 2.000 $m^2$ í bílgeysmslu. Samkvæmt byggingarlýsingu er byggingarmagn atvinnuhúsnæðis 2.445,7 $m^2$ en byggingarmagn bílgeymslu, sem er neðanjarðar og innan byggingarreits, er 2.809,4 $m^2$ eða 809,4 $m^2$ umfram byggingarheimildir.
Umsókn kallar á breytingu deiliskipulags Urriðaholts norðurhluti 4. áfangi.
Skipulagsstjóri metur breytingartillögu sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðahots, norðurhluti 4. áfangi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. greinar sömu laga er fallið frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og Garðabæjar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

## 17. 2606009F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8

17.1 2405208 - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi. Umsóknin felur í sér breytingar á áður samþykktum aðaluppdráttum atvinnuhúsnæðis við Spildu A í landi

Grundar þar sem nú er gert ráð fyrir veislusal og geymslurýmum. Skipulagsstjóri vísar umsókninni til skoðunar hjá umhverfissviði.

## 17.2 2604571 - Steinprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.
Skyggni byggingar fer út fyrir byggingarreit en í deiliskipulagi Garðahrauns er kveðið á um að hús skulu vera innan byggingarreits og gildir það einnig um skyggni.
Skipulagsstjóri bendir á að skyggni nær talsvert út fyrir byggingarreit að sunnanverðu og kallar því á deiliskipulagsbreytingu.

## 17.3 2409044 - Mávanes 13 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum að íbúðarhúsinu að Mávanesi 13.
Útfærslu hefur verið breytt frá auglýstri tillögu að breytingu deiliskipulags og er bátaskýli nú staðsett innan byggingarreits með tengingu við íbúðarhúsið.
Þar sem að tillagan gerir nú ráð fyrir viðbyggingu sem er innan byggingarreits og tengd íbúðarhúsinu með beinum hætti telst tillagan í samræmi við deiliskipulag Arnarness.
Tæknirými nær lítillega út fyrir byggingarreit að norðanverðu samkvæmt uppdrættinum. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu gerði ráð fyrir breytingu byggingarreits hvað þá viðbyggingu varðar og voru ekki gerðar athugasemdir við þann þátt málsins.
Nú hefur tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness sem gerði ráð fyrir breytingu á lögu lóðar og staðsetningu bátaskýlis að hluta til utan lóðarmarka verið dregin til baka.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt sem er í samræmi við framlagða aðaluppdrætti.
Skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað varðar tæknirými sem nær lítillega út fyrir byggingarreit.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

## 17.4 2605411 - Teistunes 1 - Deiliskipulagsbreyting

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Arnarness vegna stækkunar á byggingarreit við Teistunes 1.
Skipulagsstjóri metur tillögina sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Kríunesi 1 og 4, Súlunesi 3 og 5 og Þernunesi 3 og 5.

## 17.5 2605366 - Stígar - framkvæmdarleyfi - Fyrirspurn til umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna gerðar göngu- og hjólastígs vestan Hafnarfjarðarvegar sem nær frá Lyngás að Álftanesvegi. Lega stígs er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagsstjóri samþykkir veitingu framkvæmdarleyfis í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem er í samræmi við framlögð gögn. Um ákvörðun skipulagsstjóra víasast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

Samhliða er lögð fram embættisafgreiðsla skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar vegna umsóknar Betri Samgangna um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin felur í sér að útbúa aðskildan hjóla- og göngustíg að sveitarfélagamörkum Garðabæjar (Súlunes - Kópavogsdalur).
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu framvæmdarleyfis að undangenginni grenndarkynningu fyrir lóðarhafa Súluness 24, 25, 26, 27 og 33.

17.6 2605154 - Sunnakur 1 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lagðir fram lóðaruppdrættir fyrir Sunnakur 1. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrætti.

17.7 2309448 - Sunnuvellir 2 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 8**

Lagðir fram uppfærðir uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Sunnuvelli 2.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð skipulagsnefndar Garðabæjar fimmtudaginn 11. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra nefndarmanna.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**
**1 (26-30). fundur 2026**

Þriðjudaginn 16. júní 2026 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jón Þór Eggertsson formaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Ingibjörg Loftsdóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Anna Gréta Hafsteinsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2606274 - Verkefni Umhverfisnefndar**

   Verkefni Umhverfisnefndar kynnt.

2. **2604141 - Hreinsunarátak 2026**

   Árlegt hreinsunarátak var haldið dagana 20.apríl - 4.maí. fjörtíu og fjórir hópar fengu úthlutuð svæði til að hreinsa í nærumhverfi sínu. Umhverfisnefnd vill koma fram þökkum til allra þeirra sem tóku þátt.

3. **2604142 - Vorhreinsun lóða 2026**

   Vorhreinsun lóða í Garðabæ fór fram dagana 8.-26 maí. Ríflega 30 gámum var komið fyrir í bænum til að taka á móti garðaúrgangi sem íbúar komu sjálfir í gámana. Fjöldi gáma endurspeglar þann mikla dugnað sem Garðbæingar hafa sýnt í vorhreinsun sinni. Vegna góðra undirtekta voru 10 gámar áfram aðgengilegir á völdum stöðum til 29. maí.

4. **2604143 - Mengunarmælingar 2026**

   Lagt fram.

5. **2605278 - Evrópsk samgönguvika 2026**

   Frá árinu 2002 hafa borgir og bæir á Íslandi tekið þátt í samstilltu átaki sveitarfélaga í Evrópu um að ýta undir sjálfbærar samgöngur. Yfirskrift átaksins er Evrópsk Samgönguvika og er hún haldin 16.-22. september ár hvert. Markmið vikunnar er að kynna íbúum í þéttbýli samgöngumáta sem allt í senn eru vistvænir, hagkvæmir og bæta heilsu fólks um leið og þeir hafa jákvæð áhrif á umhverfi og andrúmsloft.

   Þema samgönguviku í ár er Samgöngur fyrir öll

6. **2606129 - Snyrtilegt umhverfi 2026**

   Umhverfisnefnd leggur til að óskað verði eftir ábendingum íbúa vegna snyrtilegra garða, snyrtilegra fyrirtækjalóða, snyrtilegra gatna, skemmtilegra opinna svæða ásamt ábendingum fyrir framlag til umhverfismála.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð umhverfisnefndar Garðabæjar þriðjudaginn 16. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra nefndarmanna.

# Fundargerð

**281. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 8. maí 2026, kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**
Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Þóra Margrét Hjaltested, Þór Sigurgeirsson, Birgir Finnsson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Valdimar Víðisson boðaði forföll sín, sem og varamanns.

1. **Árshlutareikningur SHS jan.-mars 2026 - 2605002**

   *Árshlutareikningur SHS fyrir fyrsta ársfjórðung 2026 lagður fram til staðfestingar og undirritunar.*

   **Niðurstaða**

   *Árshlutareikningur samþykktur og undirritaður.*

   **Fylgiskjöl**

   SHS 281 1.1 Árshlutauppgjör jan.-mars 2026.pdf

2. **Hættuleg búseta í íbúðarhúsnæði - 2604006**

   *Farið yfir framvindu verkefnisins frá síðasta stjórnarfundi.*

   **Niðurstaða**

   *Kynning.*

3. **Öryggis- og lokaúttektir - 2605004**

   *Nýtt verklag byggingarfulltrúa varðandi útgáfu öryggis- og lokaúttektavottorða sem og átak í málaflokknum hjá Reykjavíkurborg leiðir af sér aukna vinnu á forvarnasviði sem kallar á endurskoðun forgangsröðunar verkefna og langtímaáætlana sviðsins.*

   **Niðurstaða**

   *Kynning.*

4. **Önnur mál 2026 - 2601007**

   *Engin önnur mál.*

Síðasti fundur á kjörtímabilinu og stjórn þakkað samstarfið.

Fundi slitið kl. 09:10.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Almar Guðmundsson

Þóra Margrét Hjaltested

Þór Sigurgeirsson

Rafræn skilríki

Undirritað af: Þór Sigurgeirsson
Kennitala: 0704678369
Tími: 08.05.2026 11:11
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Þóra Margrét Hjaltested
Kennitala: 0911732989
Tími: 13.05.2026 15:50
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásdís Kristjánsdóttir
Kennitala: 2809783459
Tími: 13.05.2026 16:42
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Almar Guðmundsson
Kennitala: 0305722979
Tími: 19.05.2026 10:24
Samþykkt

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Heiða Björg Hilmisdóttir
Kennitala: 2102715549
Tími: 20.05.2026 14:32
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**627. fundur stjórnar SSH**
**var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 4. maí 2026**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Þóra M. Hjaltested, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **Innviðir á höfuðborgarsvæðinu - 2605001**

Langtímahættumat Veðurstofu Íslands vegna hraunavár á Reykjanesskaga og á höfuðborgarsvæðinu sýnir að hraun getur ógnað byggð, samgöngum, vatnsbólum, raforkukerfum, heitavatns- og kaldavatnslögnum og öðrum innviðum sem þjóna höfuðborgarsvæðinu. Áhrifin geta komið fram bæði innan höfuðborgarsvæðisins og á flutningsleiðum, veitukerfum og þjónustusvæðum utan sveitarfélagamarka.
Nauðsynlegt er að meta hvernig höfuðborgarsvæðið getur starfað sem ein samhæfð heild við undirbúning, forvarnir, mótvægisaðgerðir og viðbrögð við hraunavá.

<u>**Gestir**</u>

Jón Viðar Matthíasson framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

**Niðurstaða:**

*Stjórn SSH samþykkir að stofna verkefnahóp til undirbúnings verkefnis um ómissandi innviði í tengslum við skýrslur sem Veðurstofa Íslands vinnur að um eldfjallavá á höfuðborgarsvæðinu. Tekið skal mið af því að höfuðborgarsvæðið er eitt samtengt þjónustu- og innviðasvæði, óháð sveitarfélagamörkum. Í verkefnahópnum skulu sitja framkvæmdastjóri SSH, framkvæmdastjóri almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins, auk sérfræðinga aðildarsveitarfélaganna og utanaðkomandi verkfræðiaðstoðar eftir þörfum.*

*Markmið verkefnisins verði að skapa yfirsýn yfir ómissandi innviði á svæðinu, meta hve berskjaldaðir þeir eru gagnvart eldfjallavá og leggja grunn að forgangsröðun mótvægisaðgerða og frekari greiningu.*
*Lögð verði áhersla á samráð við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og rekstraraðila ómissandi innviða.*

2. **Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016**

Áframhald umræðu frá 626. fundi og undirbúningur viljayfirlýsingar um samstarf sveitarfélaganna vegna uppbyggingar sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirliggjandi til umræðu eru drög að slíkri yfirlýsingu.

**Gestir**

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Steinn Jóhannsson formaður skólamálanefndar SSH og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Skrifstofu SSH er falið að vinna áfram að málinu og fyrirliggjandi drögum að viljayfirlýsingu til samræmis við umræður fundarins. Málið verði tekið fyrir að nýju á aukafundi stjórnar 11. maí nk.*

### 3. Álag í skólastarfi - ástæður og úrbætur - Sóknaráætlun 2025 - 2502015

Drög að skýrslu um "Álag í skólastarfi? Ástæður og úrbætur" sem var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025 liggja fyrir. Á 625. fundi var skrifstofu SSH falið að senda skýrsludrögin til Skólamálanefndar SSH til frekari umræðu og yfirferðar á mögulegum tillögum og aðgerðum á grundvelli þess sem þar kemur fram. Drög að tillögum skólamálanefndar, dags. 4. maí 2026, um forgagnsröðun tillagna um úrbætur liggja nú fyrir.

**Gestir**

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Steinn Jóhannsson formaður skólamálanefndar SSH og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

**Niðurstaða:**

*Formanni skólamálanefndar í samráði við skrifstofu SSH, er falið að vinna áfram að fyrirliggjandi drögum að tillögum um forgangsröðun og taka samtal um þau við skýrsluhöfunda. Er fulltrúum í skólamálanefnd falið að undirbúa kynningu skýrslunnar og fyrirliggjandi tillagna á vettvangi aðildarsveitarfélaganna í maí.*

### 4. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Umræður um stöðu mála er varðar fyrirkomulag almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig þarf að ákveða stund og fyrirkomulag á undirritun þjónustusamnings ríkis og sveitarfélaga við Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. en hann hefur verið samþykktur af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Farið yfir stöðu yfirfærslu eigna milli Strætó bs. og Almenningssamgangna ohf. Undirritun þjónustusamningsins fer fram á næstu dögum.*

### 5. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Umræða um sameiginlegan skilning/yfirlýsingu er varðar ráðstöfum ábata af lóðum sem kunna að verða til vegna framkvæmda samgöngusáttmálans s.s. vegna stokka- eða gangnaframkvæmda.

**Niðurstaða:**

*Umræðum frestað. Málið verði tekið fyrir að nýju á aukafundi stjórnar 11. maí*

*nk.*

**6. PANT akstursþjónusta - 2405005**

Á 612. fundi var stjórn Pant akstursþjónustu falið að greina árangur af núverandi samstarfi, kosti þess og hagkvæmni ásamt því að skoða og meta þá sviðsmynd að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi öll samstarf um þjónustuna. Drög að skýrslu um þá skoðun voru lögð fram til kynningar á 626. fundi og ákveðið að taka málið fyrir að nýju á næsta fundi stjórnar. Fyrirliggjandi eru uppfærð drög að umræddri skýrslu. Jóhannes Rúnarsson kynnir.

**Gestir**

Sturla Halldórsson deildarstjóri Pant.

Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Stjórn Pant er falið að undirbúa innkaupaferli annars vegar miðað við óbreytta þátttöku sveitarfélagannna og hins vegar miðað við þær forsendur að um sameiginlegt verkefni allra sveitarfélaganna verði að ræða.*

**7. Umsagnir þingmála - 1910005**

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031 er nú til meðferðar Alþingis en umsagnarfrestur um hana rennur út 4. maí. Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn SSH.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt.*

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs fór af fundi.

**8. Móttaka barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn -Sóknaráætlun 2024 - 2404003**

Á 619. fundi var áfangaskýrsla um móttöku barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn lögð fram til kynningar. Skýrslunni var þá vísað til umfjöllunar Skólamálanefndar SSH sem var falið að móta nánar útfærslu tillagna á grundvelli hennar. Minnisblað skólamálanefndar dags. 27. mars 2026 er fyrirliggjandi. Lagt er til að skrifstofu SSH verði falið að greina það nánar og gera tillögur um áframhaldandi vinnslu málsins.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt.*

**9. 50 ára afmæli SSH - 2604007**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu urðu 50 ára 4. apríl sl. Til umræðu og skoðunar er að efna til viðburðar í tilefni þess.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Afmælisviðburður verður haldinn í formi hátíðarráðstefnu föstudaginn 28. ágúst 2026.*

## 10. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 436. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 22. apríl 2026 ásamt fylgiskjölum. Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 437. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 22. apríl 2026 ásamt fylgiskjali þar sem gerð er tillaga um að verkefnahópi um uppbyggingu á skíðasvæðasvæðum höfuðborgarsvæðisins verði falið að hefja vinnu við að kortleggja þarfir vegna uppbyggingar innviða í Skálafelli með forgangsröðun og framtíðasýn svæðisins að leiðarljósi.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Framangreind tillaga er samþykkt og verkefnahópi um uppbyggingu á skíðasvæðasvæðum höfuðborgarsvæðisins falið að hefja vinnu við að kortleggja þarfir vegna uppbyggingar innviða í Skálafelli með forgangsröðun og framtíðasýn svæðisins að leiðarljósi.*

## 11. Höfuðborgargirðing - 1508001

Fyrirliggjandi til kynningar er samningur um viðhald og eftirlit vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins, sbr. bókun 625. fundar en þá var framkvæmdastjóra veitt umboð til undirritunar hans.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar.*

## 12. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 143. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 13. febrúar 2026.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 144. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 20. mars 2026.
Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 145. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 10. apríl 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar.*

## 13. Önnur mál - 2110011

Næstu fundir stjórnar SSH eru boðaðir 18. maí og 1. júní. Ræða þarf hvort gera eigi breytingar á því fyrirkomulagi vegna kosninga.

Umræður um fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna sveitarstjórnakosninga.

**Niðurstaða:**

*Næstu fundir stjórnar SSH verða boðaðir mánudaginn 11. maí og mánudaginn 15. júní. Fram að 15. júní verði fundir haldnir eftir þörfum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**628. fundur stjórnar SSH**
**var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 11. maí 2026**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Valdimar Víðisson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þóra M. Hjaltested, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010**

Framhald umræðu frá 627. fundi. Áframhaldandi umræður um sameiginlegan skilning varðandi ráðstöfum ábata af lóðum sem kunna að verða til vegna framkvæmda samgöngusáttmálans s.s. vegna stokka- eða gangnaframkvæmda.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogsbæjar, Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar og Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarness leggja fram eftirfarandi bókun:*

*"Í aðdraganda að uppfærslu Samgöngusáttmálans árið 2024 voru til umræðu þau atriði sem snúa að ábata af sölu lóðaréttinda, á eða við stokka og gangnalausnir vegna framkvæmda Samgöngusáttmálans, til þriðja aðila. Undirrituð telja mikilvægt að ef það bætast við byggingarhæfar lóðir vegna framkvæmda Samgöngusáttmálans, eins og til dæmis við Miklubrautargöng þá er eðlilegt og sanngjarnt að ráðstöfun þess ábata sem verður af sölu á umræddum lóðaréttindum gangi inn í fjármögnun sáttmálans."*

2. **Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016**

Framhald umræðu frá 627. fundi. Fyrirliggjandi eru drög að viljayfirlýsingu sveitarfélaganna auk mennta- og barnamálaráðuneytis og innviðaráðuneytis um samstarf um uppbyggingu sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu en fyrirhugað er að undirritun hennar, með fyrirvara um samþykki borgarráðs og bæjarráða, fari fram miðvikudaginn 13. maí kl. 12:45. Framkvæmdastjóri kynnir.

**<u>Gestir</u>**

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

**Niðurstaða:**

*Samþykkt. Skrifstofu SSH er falið að undirbúa undirritun viljayfirlýsingarinnar.*

3. **Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 30. mars 2026.

Þá liggur fyrir að ársfundur Fjölsmiðjunnar verður haldinn kl. 13:00 12. júní nk. SSH tilnefna einn aðalmann og einn til vara í stjórn Fjölsmiðjunnar og liggur tilnefningarbeiðni fyrir.

Undanfarin ár hefur formaður samráðshóps SSH á sviði velferðarmála verið tilnefndur í stjórn Fjölsmiðjunnar af hálfu SSH. Formennska hópsins skiptist milli sveitarfélaga til samræmis við formennsku í stjórn SSH. Er formennskan því í höndum Reykjavíkurborgar en mun í nóvember flytjast til Kópavogs.

Er gerð tillaga um að Sigrún Þórarinsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar verði tilnefnd í stjórn Fjölsmiðjunnar og Guðlaug Ósk Gísladóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Hafnarfjarðar til vara.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt.*

4. **Önnur mál - 2110011**

Umræður um undirbúning afmælisviðburðar SSH sem haldinn verður 28. ágúst nk.

**Niðurstaða:**

*Umræður*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 424. fundur

Föstudaginn 17. apríl 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

**Mætt voru:**
Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson (MÖG).
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

**Tekið fyrir:**

1. Nýtt félag staðan
2. Fargjaldatekjur
3. Gjaldskrármál
4. þjónustukannanir
    a. Hulduheimsóknir
    b. Strætó í fjölmiðlum
5. Áhættustýring
6. Strætó í Gufunes
7. Greiðslur
8. Uppgjör

### 1. Nýtt félag - staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna og tilfærslu þeirra til nýs félags. Lagt var fram vinnuplagg um stöðu rekstrarframlaga eigenda fyrir árið 2025 og meðferð þeirra.

### 2. Fargjaldatekjur

Fargjaldatekjur á fyrsta ársfjórðungi eru um 1% undir áætlun. Sala tímabilskorta er undir áætlun en stöðugur vöxtur er í snertilausum greiðslum.

### 3. Gjaldskrármál

Lagt var fram bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar dagsetta 30. mars 2026. Málinu vísað til umræðu eigenda. Fulltrúi Seltjarnarnes í stjórn Strætó bókar að hann óski eftir að málið verði rætt í samhengi við samþykkta og núgildandi eigandastefnu Strætó, sér í lagi lið 4.2 sem fjallar um rekstrarmarkmið og fargjaldastefnu fyrirtækisins.

### 4. Þjónustukannanir

Markús Vilhjálmsson, fór yfir niðurstöðu hulduheimsókna og fjölmiðlaskýrslu Strætó fyrir árið 2025.

### 5. Áhættustýring

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir breytingar á áhættustýringu hjá Strætó í framhaldi af breytingum sem verða á starfseminni. Stjórn samþykkir nýja áhættustefnu.

## 6. Strætó í Gufunes

Lagt var fram minnisblað um hugmyndir að útfærslu Strætó í Gufunes. Stjórn samþykkir að vísa málinu til borgarstjórnar Reykjavíkur.

## 7. Greiðslur

Málefnið lagt fram til kynningar.

## 8. Uppgjör

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að klára málið í samræmi við umræður á fundinum

**Fundi slitið 09:30.**

**Fylgiskjöl:**

| | |
|---|---|
| Alexandra Briem | Hrannar Bragi Eyjólfsson |
| Andri Steinn Hilmarsson | Kristín Thorarensen. |
| Örvar Jóhannsson | Magnús Örn Guðmundsson |

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 425. fundur

Miðvikudaginn 13. maí 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

**Mætt voru:**

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson (MÖG).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir ( SÞ) Sem ritaði fundargerð

**Tekið fyrir:**

1. Árshlutauppgjör
2. Nýtt félag- eignamat og staðan

### 1. Árshlutauppgjör janúar til mars

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á árshlutuppgjöri fyrir janúar til mars. Stýrihópurinn um rekstur almenningssamganga hefur fjallað um greiðslu framlaga vegna ársins 2025, en skv. samkomulagi er gert ráð fyrir að framlög standi undir rekstri almenningsamgangna og umframgreiðsla framlaga verði endurgreidd. Niðurstaða stýrihóps liggur ekki fyrir. Árshlutauppgjörð verður lagt fyrir næsta stjórnarfund.

### 2. Nýtt félag- eignamat og staðan

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á verkefndum tengdum stofnun nýs félags um almenningssamgöngur. Helstu verkefni eru að klára eignamat og hvernig högun straeto.is er verður þar til nýtt félag hefur markað sína sýn. Varðandi eignamat vill stjórn ítreka að beitt sé viðurkenndri aðferðarfræði við verðmat eigna sem flytjast til ASHB og að það sé framkvæmt af óháðum sérfræðingi, sem aðilar koma sér saman um. Mikilvægt er að útreikningar séu kláraðir hratt og rétt með fagmennsku að leiðarljósi. Áður en ákvörðun um lén verður tekin ítrekar stjórn Strætó að framkvæmt sé áhættumat og þarfagreining á áhrifum þess að nýtt félag taki yfir lén Strætó og það mat verði lagt fyrir stjórn Strætó.

**Fundi slitið 08:30**

**Fylgiskjöl:**

| | |
|---|---|
| Alexandra Briem | Hrannar Bragi Eyjólfsson |
| Andri Steinn Hilmarsson | Kristín Thorarensen. |
| Örvar Jóhannsson | Magnús Örn Guðmundsson |

# 45. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
## Dagsetning: 2.6.2026
## Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður (teams)

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorteinsson framkvæmdastjóri

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Staða frumvarpa um niðurlagningu heilbrigðisnefnda

Frumvarp um einföldun regluverks á vegum Umhverfis- og loftslagsráðherra og frumvarp um Stofnun atvinnuveganna hefur nú verið til umræðu í nefndum Alþingis og meðfylgjandi eru m.a. svör ráðuneytanna við fjölmörgum spurningum sem hafa vaknað hjá nefndarmönnum. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi hafa tekið saman athugasemdir við svör ráðuneytisins þar sem gerðar eru m.a. athugasemdir við það viðhorf sem fram kemur í svörum ráðuneytisins að þetta reddist þegar frumvarpið hefur verið samþykkt.

Lagt fram til kynningar.

*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þrátt fyrir að frumvarpið hafi verið lagt fram í byrjun árs og ákvörðun ráðuneyta um þessa leið hafi verið kynnt í september á síðasta ári, hefur ekkert samráð eða samtal verið við sveitarfélögin í landinu um skiptingu verkefna sem þeim er ætlað að sinna við niðurlagningu heilbrigðisnefnda. Mikilvægt sé að koma í veg fyrir þjónusturof vegna óvissu um hver hafi eftirlit og vöktun með þeim umhverfisþáttum sem heilbrigðisnefndir hafa borið ábyrgð á undanfarna áratugi.*

2. Dagskrárliður: Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 21. maí 2026, varðandi kæru á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um að aflífa skuli hundinn Herkúles.

Eigandi hundsins Herkúlesar kærðu þá ákvörðun heilbrigðiseftirlits að aflífa skyldi hundinn. Sú ákvörðun var tilkynnt eigenda að loknu skapgerðarmati hundsins þar sem niðurstaða hundaþjálfara var að hundurinn væri hættulegur. Úrskurðarnefndin staðfesti niðurstöðu heilbrigðiseftirlits.

*Lagt fram til kynningar.*

3. Dagskrárliður: Mengun í Varmá - borsvarf frá borunum í Skammadal

Framkvæmdstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi mengun í Varmá. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi fyrir borun í Skammadal í janúar 2026 og hófust borframkvæmdir í byrjun maí. Fljótlega eftir að framkvæmdir hófust fóru að berast kvartanir til heilbrigðiseftirlits og einnig bárust kvartanir í ábendingargátt Mosfellsbæjar. Heilbrigðiseftirlitið fór á staðinn og ræddi við fulltrúa frá Veitum og var ákveðið að stöðva framkvæmdir á meðan unnið væri að frekari úrbótum á mengunarvörnum. Þá var Umhverfisstofnun gert viðvart, þar sem jarðborar eru nú starfsleyfisskyldar hjá stofnunni. Í samráði við Umhverfisstofnun var ákveðið að hefja starfsemi að nýju að loknum úrbótum. Komið var fyrir malarpúðum í frárennslisskurði og setþró stækkuð lítillega. Framkvæmdir hófust að nýju, en fljótlega kom í ljós að mengunarvarnir voru ekki fullnægjandi og borsvarf hreinsaðist ekki nægjanlega. Umhverfisstofnun veiti Veitum frest til að koma að frekari mengunarvörnum og m.a. var ákveðið að grafa nýja borþró neðar á svæðinu til að fanga það set sem kæmi frá framkvæmdunum. Margar kvartanir bárust vegna mengunar í ánni og fór svo að Veitur stöðvuðu framkvæmdir 27. maí sl.
Veitur hafa sett í loftið sérstaka upplýsingasíðu á heimasíðu Veitna þar sem settar eru inn upplýsingar um framgang mála. Þá hafa Veitur ákveðið að fara í rannsókn á lífríki í og við árfarveginn og kanna áhrif framkvæmdanna og þeirrar mengunar sem þegar hefur átt sér stað á lífríki árinnar.
*Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að við framkvæmdir á stöðum þar sem lífríki er viðkvæmt sé ávallt gæt ítrustu varkárni og að framkvæmdir fari ekki aftur af stað fyrr en tryggt sé að mengunarvarnir og búnaður á staðnum, fangi þá mengun sem kemur frá framkvæmdunum. Lífríki Varmár er viðkvæmt og því ber að tryggja að lífríkið njóti ávallt vafans.*

4. Dagskrárliður: Úttekt Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) með opinberu eftirliti með matvælaupplýsingum til neytenda

Eftirlitsstofnun ESA hefur boðað komu sína til Heilbrigðiseftirlitsins til að skoða hvernig eftirlitið uppfyllir kröfur um eftirlit með matvælaupplýsingum til neytenda. Fulltrúar frá ESA og frá Matvælastofnun mæta á staðinn og fara yfir eftirlitsskýrslur og ábendingar sem heilbrigðiseftirlitið kemur að við þau fyrirtæki sem eru eftirlitsskyld. Þá er farið í heimsókn til eins fyrirtækis þar sem eftirlitsmenn ESA fylgjast með störfum heilbrigðisfulltrúa í eftirliti.

*Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna.*

5. Dagskrárliður: Síðasti fundur heilbrigðisnefndar á þessu kjörtímabili

Þessi fundur er síðasti fundur heilbrigðisnefndar á þessu kjörtímabili og fyrir hönd heilbrigðiseftirlitsins og starfsfólks eru nefndarmönnum færðar þakkir fyrir samstarfið og stuðning við erfiðar aðstæður, þar sem tillögur um færslur verkefna heilbrigðiseftirlits til ríkisstofnana hafa veruleg áhrif á starfsanda og stemmingu í eftirlitinu.

*Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir einstaklega gott samstarf og óskar starfsmönnum og nýrri nefnd velfarnaðar í störfum sínum, um leið og nefndarmenn hvetja stjórnvöld til að viðhalda þeirri áratuga reynslu sem búið er að byggja upp í heilbrigðiseftirliti á Íslandi og styðja við núverandi fyrirkomulag um að heilbrigðiseftirlit starfi í nærsamfélaginu.*

6. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags.27.05.2026

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá dags. 27.05.2026 til kynningar og staðfestingar.

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags. 20.05.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá dags. 20.05.2026 til kynningar og staðfestingar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags. 13.05.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá dags. 13.05.2026 til kynningar og staðfestingar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags. 6.05.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá dags. 06.5.2026 til kynningar og staðfestingar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur dags. 29.04.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá dags. 29.04.2026 til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

# 112. Afgreiðslufundur HEF
## Dags. 27.05.2026

**1. Strandgata 90 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Ægir 220 ehf., kt. 670723-0890 dags. 20.05.2026 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Hjálma ball, haldið í Ægi Strandgötu 90 Hafnarfirði. þann 05.06.2026 kl. frá kl. 19:00 - 02:00. og 06.06.2026 frá kl. 19:00 til 02:00. Áætlaður gestafjöldi 250 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**2. Holtasmári 1 Kópavogi - tannlæknastofa - skráning**
Lögð er fram umsókn Telmu Borgþórsdóttur f.h. Birta Tannlæknastofa ehf., kt. 570426-1920 dags. 11.05.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Holtasmára 1 Kópavogi. F2241742. Ný starfsemi/Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**3. Nýbýlavegur 4 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Ara Alexanders Guðjónssonar f.h. Tokyo Veitingar ehf., kt. 670710-0920 dags. 13.05.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu- og veitingastað að Nýbýlavegi 4 Kópavogi. Fasteignanr. F2064384. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**4. Eyrartröð 13a Hafnarfirði - fiskvinnsla - skráning**
Lögð fram umsókn Ingimars Baldurssonar f.h. Hafið fiskverslun ehf., kt. 690399-2379 dags 24.11.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fiskverkun að Eyrartröð 13a Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074580. Ný starfsemi. Sótt er um að nýju dags.20.5.2026.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2026.Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 20.5.2026. Jákvætt svar dags. 21.05.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**5. Tónahvarf 12 Kópavogi - bílaþrif — skráning**
Lögð fram umsókn Magnúsar Þórs Magnússonar f.h. Arctic Studio ehf., kt. 560125-1270 dags. 20.03.2026, þar sem sótt er um skráningu fyrir bílaþrif og keramíkhúðun að Tónahvarfi 12 Kópavog. Fasteignanr. F2536232. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.04.2026.Bréf sent á byggingafulltrúa 23.03.2026. Ítrekun dags. 6.05.2026. Jákvætt svar 19.05.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

# 111. Afgreiðslufundur HEF
# Dags. 20.05.2026

**1. Sörlaskeið 13a - tækifærisleyfi - umsögn**
Lögð fram umsagnarbeiðnir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu f.h. Hestamannafélagsins Sörla, kt. 640269-6509, Íslandsmót í hestaíþróttum, 17.06.2026-21.06.2026 frá kl. 09:00-21:00 að Sörlaskeiði 13a, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1000 manns.Skýrsla 04.03.2026.
*Jákvæð umsögn.*

**2. Kaplahraun 10 Hafnarfirði - bílamálun og réttingaverkstæði - skráning**
Lögð er fram umsókn Guðmundar Arnar Jónssonar f.h. Bílaverk ehf., kt. 691293-3789 dags. 13.05.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bílamálu - og réttingaverkstæði að Kaplahrauni 10 Hafnarfirði. F2291782 Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.05.2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.*

**3. Borgarholtsbraut 19 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.04.2026 f.h. Kársnes ehf. kt. 560119-2830 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Kársneshátíð á Mossley Kópavogi þann 29.05.2026 og 30.05.2026 kl. 11:00-23:30. haldin á Mossley, Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Fasteignanr. 2059078. Áætlaður gestafjöldi 100.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**4. Íþróttamiðstöðin Mýrin Skólabraut 8 Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn**
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.04.2026 f.h. United By Events ehf. kt. 530924-0760 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansíþróttaviðburð þann 13.06.2026 kl. 8:30-23:30 og 14.06.2026 kl. 08:30-20:00 sem haldinn verður í íþróttamiðstöðinni Mýrin Garðabæ. Hámarksfjöldi gesta 800.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

**5. Hörðukór 3 Hafnarfirði - daggæsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Petreu Daggar Ríkarðsdóttur kt. 311281-5349 dags. 21.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu (5-10 börn) að Hörðukór 3 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2285240. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.05.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

**6. Hamraborg 14a Kópavogi - netverslun - tóbaksleyfi**
Lögð fram umsókn Halldórs Maána Sverrissonar f.h. Nyja Budin ehf., kt. 690925-0600 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Nýju Vínbúðina Hamraborg 14a Kópavogi. Nýtt leyfi.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.05.2026.
*Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.*

**7. Nýbýlavegur 8 Kópavogur - matsölustaður/veitingaverslun - starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Daníels Arnar Smárasonar f.h. Pizzan ehf., kt. 681016-1200 dags. 23.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pizzastað að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. F2064397. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 25.3.2026Bréf sent til byggingafulltrúa 24.3.2026. Ítrekun dags. 6.5.2026. Jákvætt svar dags 19.5.2026.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**8. Trönuhraun 1, Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning**
Lögð er fram umsókn Ölmu Brown Jónsdóttur f.h. X hárstofu ehf., kt. 480322-1340 dags. 25.03.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Trönuhrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.____. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.05.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**9. Trönuhraun 1, Hafnarfjörður - snyrtistofa - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Auðar Óskar Gunnarsdóttur f.h. Snyrtistofunnar Silfur ehf., kt. 541119-1160 dags. 24.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Trönuhraun 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.05.2026
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**10. Óseyrarbraut 27c Hafnarfirði - framleiðsla matvæla starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Sölva Steinarr Jónssonar f.h. Sól gróðurhús kt. 551024-0910 dags. 30.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla að Óseyrarbraut 27c Hafnarfirði. Fasteignanr. F2353574. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

# 110. Afgreiðslufundur HEF
## 13. maí 2026

**1. Rauðhella 13 Hafnarfirði - bifreiða- og vélaverkstæði - skráning**
Lögð fram umsókn Gunnars Magnúsar Guðmundssonar f.h. Sérleyfisbíla Akureyrar - Norðurleið ehf. kt. 690190-1259 dags. 29.04.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Rauðhellu 13 Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 11.5.2026Sent á byggingafulltrúa dags. 8.5.2026. Jákvætt svar. 11.5.2026.
*Með vísun til mengunarvarnarreglugerða er skráning staðfest.*

**2. Hraunvangur 7 Hafnarfirði - fótaaðgerðastofa - skráning**
Lögð er fram umsókn Berglindar Aspar Jónsdóttur kt. 011188-3549 dags. 21.04.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir fótaaðgerðastofu í Hrafnistu að Hraunvangi 7 Hafnarfirði. F2080740. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.05.2026.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

**3. Bæjarhraun 22 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starsfleyfi**
Lögð fram umsókn Þóreyjar Haraldsdóttur f.h. Florealis ehf., kt. 460613-0650 dags. 13.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði. Lager hjá Distica, Suðurhrauni 10. F2250153. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.05.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**4. Nýbýlavegur 8 Kópavogur - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Kristóf Attila Bárdos f.h. Vlaha Chimney Cakes ehf., kt. 560126-2550 dags. 02.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu með lögheimili að Nýbýlavegi 8 Kópavogi. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 07.05.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

**5. Brúarfljót 3B Mosfellsbæ - þvottahús - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Þorsteins Magnússonar f.h. Stay in Iceland ehf., kt. 431016-0360 dags. 07.03.2026, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir þvottahús að Brúarfljóti 3B Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2530686. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 10.04.2026Drög að starfsleyfi auglýst 16. apríl 2026.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**6. Traðaberg 1 Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Huga Halldórssonar f.h. Bagg Netverslun ehf., kt. 700525-1040 dags. 15.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Traðabergi 1 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080223. Ný starfsemi. Dreifing frá Gorilla vöruhús
Eftirlitsskýrsla dags. 13.5.2026
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**7. Smiðjuvegur 28D Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Magnúsar Axelssonar f.h. Áman ehf., kt. 501006-1490 dags. 21.11.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smiðjuvegi 28D Kópavogi. Fasteignanr. F2065339. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.3.2025.Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 4.3.2026. Ítrekun dags. 6.5.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**8. Bæjarlind 6 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Guttorms Brynjólfssonar f.h. Fortuny ehf., kt. 510521-2500 dags. 26.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Bæjarlind 6 Kópavogi. Fasteignanr. F2234326. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.4.2026.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.3.2026. Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

# 109. Afgreiðslufundur HEF
# Dags. 06.05.2026

**1. Smáratorg 1 Kópavogi - matsölustaður - starfsleyfi**
Lögð er fram umsókn Huy Quang Trinh f.h. Wok Forset ehf., kt. 530426-0330 dags. 27.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað að Smáratorgi 1, Kópavogi. F2237876. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 06.05.2026.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

**2. Dalshraun 15 Hafnarfirði - umsagnarbeiðni - gistileyfi**
Lagt er fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 30.03.2026 f.h. Hótel Vík ehf., kt. 650906-0550, þar sem sótt er um breytingu á gestafjölda í 37 gesti í gististað í flokki II - B stærra gistiheimili, Dalshrauni 15, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2074347.
Byggingarfulltrúi dags. 20.05.2026 neikvætt svar.
*Neikvæð umsögn þar sem ekki liggur fyrir samþykki byggingarfulltrúa.*

**3. Vesturvör 30b Kópavogi - blöndun og átöppun efnavara - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Þórðar B. Bogasonar f.h. Íslensk Hollusta ehf., kt. 601005-1150 dags. 19.03.2026, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu á hreinsiefnum að Vesturvör 30b Kópavogi. Fasteignanr. F2246612. Eigandaskipti.Eftirlitsskýrsla dags. 05.05.2026
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 26.11.2030.*

**4. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
Lögð fram umsókn Bjarna Hjartarsonar f.h. OSSO veitingar ehf., kt. 421225-0280 dags.10.03.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegur 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.05.2026.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

**5. Bæjarhraun 6 Hafnarfirði - hársnyrtistofa - skráning**
